

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/44/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7268 – CSAV/HGV/ Kühne Maritime/Hapag-Lloyd AG) .....	1
2014/EES/44/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7310 – Rolls-Royce/ Rolls-Royce Power Systems) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	2
2014/EES/44/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7317 – Mercuria/ JP Morgan Chase & Co Commodities Trading Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	3
2014/EES/44/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7334 – Oracle/MICROS)	4
2014/EES/44/05		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7152 – ADP/Aelia/MZLZ Retail) .....	5
2014/EES/44/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7228 – Centrica/Bord Gáis Energy) .....	5
2014/EES/44/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7238 – American Express Company/Qatar Holding/GBT) .....	6
2014/EES/44/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7259 – Carphone Warehouse/Dixons) .....	6
2014/EES/44/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7293 – Allergopharma/Stallergenes/Laboratorios LETI/JV) .....	7

<b>2014/EES/44/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7329 – Saria/Teeuwissen/Jagero II) .....	7
<b>2014/EES/44/11</b>	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Tuchola N-svæðinu .....	8
<b>2014/EES/44/12</b>	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Żory-Rybnik-svæðinu .....	10
<b>2014/EES/44/13</b>	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum frá 1. júní til 30. júní 2014 .....	11

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7268 – CSAV/HGV/Kühne Maritime/Hapag-Lloyd AG)**

**2014/EES/44/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem síleska fyrirtækið Compañía Sud Americana de Vapores S.A. („CSAV“) og þýska fyrirtækin Hamburger Gesellschaft für Vermögens- und Beteiligungsmanagement mbH („HGV“) og Kühne Maritime GmbH („Kühne Maritime“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu Hapag-Lloyd AG („HL AG“), þar með talið í sameinaðri gámaflutningastarfsemi CSAV og HL AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CSAV: skipaflutningar með varning í lausu, í vökvaformi og vörur í gámum, m.a. í kæligámum, og með vélknúin ökutæki. CSAV lýtur yfirráðum síleska félagsins Quiñenco S.A.
  - HGV: eignarhaldsfélag fyrir viðskiptastarfsemi Freie und Hansestadt Hamburg (Hamborg, Þýskalandi)
  - Kühne Maritime GmbH: dótturfélag Kühne Holding AG. Kühne Holding AG er móðurfélag fyrirtækjasamsteypu sem stundar vöruferlisstjórnun
  - HL AG: einkum gámaflutningaþjónusta
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 248, 30. júlí 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7268 – CSAV/HGV/Kühne Maritime/Hapag-Lloyd AG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7310 – Rolls-Royce/Rolls-Royce Power Systems)**

2014/EES/44/02

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Rolls-Royce Holdings Plc („Rolls-Royce“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í þýska fyrirtækinu Rolls-Royce Power System Holding GmbH, eignarhaldsfélagi Rolls-Royce Power Systems AG („RRPS“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rolls-Royce: þróun og framleiðsla flugvélamótora og aflkerfa fyrir flugvélar og skip
  - RRPS: þróun, framleiðsla og sala á dísil- og gasstimpilvélum með miðlungs og mjög mikinn snúningshraða til aksturs utan vega
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 246, 29. júlí 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7310 – Rolls-Royce/Rolls-Royce Power Systems, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2014/EES/44/03****(mál M.7317 – Mercuria/JP Morgan Chase & Co Commodities Trading Business)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kýpverska fyrirtækið Mercuria Energy Group Limited („Mercuria“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hrávöruviðskiptadeild bandaríska fyrirtækisins JP Morgan Chase & Co. („JP Morgan Commodities“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Mercuria: viðskipti með orkuvörur, m.a. hráolíu og hreinsaðar jarðolíuvörur, jarðgas (m.a. fljótandi jarðgas), raforku, kol, lífdísil, grænmetisolíu og kolefnislosun. Mercuria ræður einnig yfir geymsluaðstöðu fyrir jarðolíuvörur
  - JP Morgan Commodities: tekur til starfsemi JP Morgan Chase & Co. sem tengist raunverulegum viðskiptum með hráolíu og jarðolíuvörur, jarðgas, kol til húshitunar, raforku, losunarheimildir og ýmsa ódýra málma. Býður einnig geymsluþjónustu fyrir ódýra málma sem ganga kaupum og sölum í kauphöll
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 250, 1. ágúst 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7317 – Mercuria/JP Morgan Chase & Co Commodities Trading Business, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7334 – Oracle/MICROS)**

2014/EES/44/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. júlí 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Oracle Corporation öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu MICROS Systems, Inc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Oracle Corporation: þróun, framleiðsla og dreifing á hugbúnaði fyrir fyrirtæki, m.a. miðbúnaði, gagnagrunnshugbúnaði og hugbúnaði til notkunar í fyrirtækjum og tengd þjónusta, ásamt vélbúnaði fyrir fyrirtæki, m.a. netþjónum, gagnagrunnsbúnaði og geymslu
  - MICROS Systems, Inc.: þróun, framleiðsla og dreifing á vélbúnaði, hugbúnaði og þjónustu fyrir smásöluverslanir og gestamóttöku (hótel, veitingastaði, krár, spilavíti og fleiri staði)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 249, 31. júlí 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7334 – Oracle/MICROS, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/44/05**  
**(mál M.7152 – ADP/Aelia/MZLZ Retail)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 23. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7152. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/44/06**  
**(mál M.7228 – Centrica/Bord Gáis Energy)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 13. júní 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7228. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjórið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja****2014/EES/44/07****(mál M.7238 – American Express Company/Qatar Holding/GBT)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 20. júní 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7238. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja****2014/EES/44/08****(mál M.7259 – Carphone Warehouse/Dixons)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 25. júní 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7259. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7293 – Allergopharma/Stallergenes/Laboratorios LETI/JV)**

2014/EES/44/09

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7293. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7329 – Saria/Teeuwissen/Jagero II)**

2014/EES/44/10

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. júlí 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7329. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Tuchola N-svæðinu**

2014/EES/44/11

Útboðið varðar úthlutun sérleyfa fyrir leit eða rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum á Tuchola N-svæðinu í Kujawsko-Pomorskie-, Pomorskie og Zachodniopomorskie-sýslum:

Heiti	Sérleyfisleitarsvæði	Útfærsla 1992	
		X (m)	Y (m)
Tuchola N	í hluta leitarsvæða: 66, 67, 86, 87, 88, 108, 107, 128, 109, 129	683 970,0	355 934,0
		683 319,7	378 508,3
		660 689,4	410 177,5
		624 049,8	463 163,2
		615 522,0	457 159,0
		633 748,0	431 135,0
		626 638,5	427 454,6
		626 690,9	424 108,4
		632 462,8	424 201,0
		636 543,4	426 512,3
		653 317,4	403 302,6
		650 177,7	400 894,4
		654 932,9	400 994,8
		655 083,2	39 117,9
		666 983,8	394 386,9
		667 194,7	385 440,8
		675 337,0	385 619,0
		675 804,0	369 243,0
		674 937,0	368 579,0
671 991,1	368 495,8		
679 751,1	355 578,9		

Umsóknir verða að taka til sama svæðis.

Umsóknir um sérleyfi verður að senda til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins eigi síðar en klukkan 12 á hádegi (að Brussel-tíma) á síðasta degi 100 daga tímabils sem hefst daginn eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (birtingardagur var 18. júlí 2014).

Umsóknir sem berast verða metnar samkvæmt eftirtöldum viðmiðum:

- tækni sem ætlað að nýta til verksins (50%),
- tæknilegri og fjárhagslegri getu umsækjanda (40%),
- gjaldinu sem er boðið vegna námavinnsluréttindanna (10%).

Lágmarksgjald fyrir námavinnsluréttindin vegna Tuchola N-svæðisins er:

- þegar um ræðir leit að olíu- og jarðgaslindum:
  - á þriggja ára grunntímabili: 131 778,20 PLN á ári,
  - á fjórða og fimmta ári gildistíma samnings um námavinnslu: 158 133,85 PLN á ári,
  - á sjötta ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 184 489,48 PLN á ári,
- þegar um ræðir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum:
  - á þriggja ára grunntímabili: 263 556,41 PLN á ári,
  - á fjórða og fimmta ári gildistíma samnings um námavinnslu: 316 267,70 PLN á ári,
  - á sjötta ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 368 978,98 PLN á ári,

3) Þegar um ræðir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum:

- á fimm ára grunntímabili: 263 556,41 PLN á ári,
- á sjötta, sjöunda og áttunda ári gildistíma samnings um námavinnslu: 316 267,70 PLN á ári,
- á níunda ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 368 978,98 PLN á ári.

Umsóknirnar verða opnaðar í votta viðurvist á aðalskrifstofu umhverfisráðuneytisins kl. 12 á hádegi (Brussel-tíma) á 14. virkum degi eftir að umsóknarfrestur rennur út. Mati á umsóknunum verður lokið áður en sex mánuður eru liðnir frá því að umsóknarfrestur rennur út. Umsækjendur fá skriflega tilkynningu um niðurstöðu málsmeðferðarinnar.

Umsóknir verða að vera á pólsku.

Úthlutunaryfirvald mun veita sérleyfi fyrir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum þeim umsækjanda sem verður fyrir valinu, að teknu tilliti til álits viðeigandi yfirvalda, og mun gera samning um námavinnslu við hann.

Umrætt fyrirtæki verður að hafa bæði námavinnsluréttindi og sérleyfi til að leita að og/eða rannsaka kolvatnslindir í Póllandi.

Umsóknir ber að senda til:

Ministerstwo Środowiska  
Departament Geologii i Koncesji Geologicznych  
ul. Wawelska 52/54  
00-922 Warszawa  
POLSKA/POLAND

Upplýsingar er unnt að nálgast á vefsetri umhverfisráðuneytisins: [www.mos.gov.pl](http://www.mos.gov.pl)

Departament Geologii i Koncesji Geologicznych  
Ministerstwo Środowiska  
ul. Wawelska 52/54  
00-922 Warszawa  
POLSKA/POLAND

Sími: +48 225792449  
Bréfasími: +48 225792460  
Netfang: [dgikg@mos.gov.pl](mailto:dgikg@mos.gov.pl)

Samþykkt af:

Sławomir M. BRODZIŃSKI  
*yfirjarðfræðingi ríkisins*

**Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Żory-Rybnik-svæðinu**

2014/EES/44/12

Útboðið varðar úthlutun sérleyfa fyrir leit eða rannsóknir á metanlindum í kolalögum á Żory-Rybnik-svæðinu:

Heiti	Leitarsvæði nr.	Útfærsla 1992	
		X	Y
Żory-Rybnik	Hluti af sérleyfisleitarsvæði nr. 390	242 385,73	470 962,96
		243 155,77	471 323,24
		243 219,27	471 596,14
		243 453,05	471 633,50
		243 057,46	473 936,75
		241 751,38	472 910,54
		243 440,95	471 696,44

Umsóknir verða að taka til sama svæðis.

Umsóknir um sérleyfi verður að senda til aðalskrifstofu umhverfissráðuneytisins eigi síðar en klukkan 12 á hádegi (að Brussel-tíma) á síðasta degi 91 dags tímabils sem hefst daginn eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (Stjtíð. ESB C 232, 18.7.2014, bls. 9).

Umsóknir sem berast verða metnar samkvæmt eftirtöldum viðmiðum:

- tækni sem ætlað að nýta til verksins (50%),
- tæknilegri og fjárhagslegri getu umsækjanda (40%),
- gjaldinu sem er boðið vegna námavinnsluréttindanna (10%).

Lágmarksgjald fyrir námavinnsluréttindin vegna Żory-Rybnik-svæðisins er:

- þegar um ræðir leit að metanlindum í kolalögum:
  - á þriggja ára grunntímabili: 2 000,00 PLN á ári,
  - á fjórða og fimmta ári gildistíma samnings um námavinnslu: 2 000,00 PLN á ári,
  - á sjötta ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 2 000,00 PLN á ári,
- þegar um ræðir rannsóknir á metanlindum í kolalögum:
  - á þriggja ára grunntímabili: 4 000,00 PLN á ári,
  - á fjórða og fimmta ári gildistíma samnings um námavinnslu: 4 000,00 PLN á ári,
  - á sjötta ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 4 000,00 PLN á ári,
- þegar um ræðir leit og rannsóknir á metanlindum í kolalögum:
  - á fimm ára grunntímabili: 6 000,00 PLN á ári,
  - á sjötta, sjöunda og áttunda ári gildistíma samnings um námavinnslu: 6 000,00 PLN á ári,
  - á níunda ári gildistíma samnings um námavinnslu og á árunum þar á eftir: 6 000,00 PLN á ári.

Umsóknirnar verða opnaðar í votta viðurvist á aðalskrifstofu umhverfissráðuneytisins kl. 12 á hádegi (Brussel-tíma) á 14. virkum degi eftir að umsóknarfrestur rennur út. Mati á umsóknunum verður lokið áður en sex mánuður eru liðnir frá því að umsóknarfrestur rennur út. Umsækjendur fá skriflega tilkynningu um niðurstöðu málsmeðferðarinnar.

Umsóknir verða að vera á pólsku.

Úthlutunaryfirvald mun veita sérleyfi fyrir leit og rannsóknir á metanlindum í kolalögum þeim umsækjanda sem verður fyrir valinu, að teknu tilliti til álits viðeigandi yfirvalda, og mun gera samning um námavinnslu við hann.

Umrætt fyrirtæki verður að hafa bæði námavinnsluréttindi og sérleyfi til að leita að og rannsaka metanlindir í kolalögum í Póllandi.

Umsóknir ber að senda til:

Ministerstwo Środowiska  
Departament Geologii i Koncesji Geologicznych  
ul. Wawelska 52/54  
00-922 Warszawa  
POLSKA/POLAND

Upplýsingar er unnt að nálgast á vefsetri umhverfisráðuneytisins: [www.mos.gov.pl](http://www.mos.gov.pl)

Departament Geologii i Koncesji Geologicznych  
Ministerstwo Środowiska  
ul. Wawelska 52/54  
00-922 Warszawa  
POLSKA/POLAND

Sími: +48 225792449  
Bréfasími: +48 225792460  
Netfang: [dgikg@mos.gov.pl](mailto:dgikg@mos.gov.pl)

Samþykkt af:

Sławomir M. BRODZIŃSKI  
*yfirjarðfræðingi ríkisins*

**Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum  
frá 1. júní til 30. júní 2014**

**2014/EES/44/13**

Birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í júní 2014, sjá [C 243, 25.7.2014](#), bls. 1 og 11.